

Nd. 169. Frumvarp til laga

um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Thor Thors, Vilmundur Jónsson, Gísli Sveinsson, Jörundur Brynjólfsson,
Stefán Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir:
Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 100 krónur. Í hreppi með 101—150
íbúa eru launin 120 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 140 krónur og svo
framvegis þannig, að launin hækka um 20 krónur fyrir hverja 50 íbúa. Leggi hrepp-
stjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $\frac{1}{2}$ árslauna

fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefir gegnt hreppstjórn á fardaga-
árinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir liðið fardagaár.

2. gr.

Þegar hreppstjóri í umboði sýslumanns framkvæmir lögtak eða aðrar fógeta-
gerðir, ber honum fyrir hverja gerð lögmælt gjald samkvæmt gildandi lögum um
aukatekjur rikissjóðs, allt það er gjaldið fer ekki fram úr 10 krónum. Sé gjaldið hærra
samkvæmt aukatekjulögnum, fellur það, sem umfram er, til rikissjóðs.

3. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans ó-
skipt, séu þau ekki hærri en 20 krónur; en það, sem þar er fram yfir, fellur til rikis-
sjóðs.

4. gr.

Þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskrift eigna eða virð-
ingargerð, fær hann fyrir það verk sitt greitt eftir fjárhæð gerðarinnar:

Allt að kr. 200	2 krónur
Yfir — 200 allt að kr. 500	3 —
— — 500 — — — 1000	4 —
— — 1000 — — — 2000	5 —
— — 2000	6 —

5. gr.

Fyrir birtingu á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn eða málskröfu skal greiða
hverjum stefnuvotti 2 krónur fyrir hvern þann er birt er.

6. gr.

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 7 krónur, svo og fyrir land-
skipti. Fyrir skoðunargerð eða matsgerð á fasteign eða lausafé, sem gerð er eftir
beiðni eiganda, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð
matsgerðarinnar:

Allt að kr. 500	2 krónur
Yfir — 500 allt að kr. 1000	3 —
— — 1000 — — — 2000	4 —
— — 2000 — — — 4000	5 —
— — 4000	6 —

Fyrir skoðunar- eða matsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir ráðstöfunum hins
opinbera án beiðni eiganda, skal greiða hverjum virðingarmanni 7 krónur á dag.

7. gr.

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur auk
framangreindra gjalda og telst þannig: Fyrir 10 kílómetra vegalengd á landi eða 5
kílómetra á sjó eða minna skal greiða í ferðakostnað 1 krónu. Sé ferðin lengri, greið-
ist hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er. Þóknunin telst eftir
samanlagðri vegalengd fram og aftur, allt að 7 krónur fyrir sólarhring. Standi ferð
lengur en sólarhring frá heimili, skal greiða 50 aura í ferðakostnað fyrir hverja
klukkustund. Sé gjaldtaki búsettur í kaupúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því
aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu.

8. gr.

Gjald til votta við réttarhöld eða notarialgerðir er 75 aurar til hvers votts fyrir
klukkustund, eða hluta úr klukkustund, sem réttarhaldið stendur yfir. Í einkamálum

greiðist gjald þetta til dómarsins í réttinum. Fyrir hvert réttarhald seinna í málinu skal sá greiða gjaldið, er málinu fær frestað.

9. gr.

Gjöld þau, er um getur í lögum þessum, greiðist einnig í opinberum málum og gjafsóknarmálum.

Í einkamálum er gerðarbeiðandinn skyldur til að greiða gjaldið, áður en gerðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrirfram, hefir sá lögtaksrétt á því, er gjaldið á að taka. — Í opinberum málum og gjafsóknarmálum greiðast gjöld þessi fyrirfram úr rikissjóði, gegn endurgjaldi frá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað að lyktum.

10. gr.

Fyrir eftirrit þau, er ræðir um í 3. gr. laga nr. 2 2. febr. 1894, svo og fyrir önnur eftirrit, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum embættis, skal greiða kr. 1.50 fyrir hverja ör, en hálfra ör eða minna 1 krónu.

Ákvæði greinar þessarar ná eigi til afrita þeirra, er ræðir um í 2. málsgrein 6. gr. reglugerðar 13. jan. 1916 um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík.

11. gr.

Þegar vöruflutningaskip eða önnur skip, sem afgreiðslugjald eiga að greiða til rikissjóðs, hafna sig á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, skulu þau, auk gjalds þess, sem rikissjóði ber, greiða þeim, sem ritar á skipsskjölin í umboði lögreglustjóra, 5 auru af smálest hverri, nema skipstjóri kjósi heldur að senda skipsskjölin tafarlaust til lögreglustjóra sjálfs og fá áritun hans á þau.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og lög nr. 14 18. maí 1920, um breyting á lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Greinar gerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits millipingan. í launamálum. Launamálanefnd þingsins 1935 mælti með því, að það yrði samþ., en þá var málið flutt, en ekki útrætt.

Enn var málið flutt 1936, og fór á sömu leið. Þykir rétt að gera nú nýja tilraun til þess að koma þessum lagabreytingum fram, og mætti gera ráð fyrir, að meiri hluti hv. Alþingis væri þeim fylgjandi.

Nánar í framsögu.